

REGLUGERÐ

um innheimtu þinggjalda og jöfnunargjalds á árinu 2011.

1. gr.

Þinggjöld sem leggja skal á tekjur ársins 2010 og ekki hafa verið innheimt í staðgreiðslu skulu greidd á tíu gjalddögum á árinu 2011. Eru gjalddagar fyrsti dagur hvers mánaðar nema í janúar og í þeim mánuði sem álagningu lýkur samkvæmt ákvörðun fjármálaráðherra. Eindagi er 15 dögum eftir gjalddaga, sbr. þó 2. mgr. 4. gr.

Fyrirframgreiðslu búnaðargjalds vegna álagningar ársins 2012 er jafnað á fimm gjalddaga á árinu 2011, þ.e. frá 1. ágúst til 1. desember.

2. gr.

Þar til álagning ársins 2011 liggur fyrir skal hver gjaldandi greiða fyrirfram upp í álagningu ársins. Fyrirframgreiðslan skal á hverjum gjalddaga nema 8,5% af þinggjöldum ársins 2010 og 8,5% af jöfnunargjaldi vegna alþjónustu sem greiða bar á árinu 2010. Við skiptingu fyrirframgreiðsluskyldu og eftirstöðva álagningar skal við það miðað að ekki sé til innheimtu lægri fjárhæð en 2.000 kr. á hverjum gjalddaga.

Þau þinggjöld sem lögaðilar skulu greiða í fyrirframgreiðslu eru tekjuskattur, jöfnunargjald alþjónustu og búnaðargjald.

Menn skulu fyrirframgreiða tekjuskatt, útsvar, auðlegðarskatt, jöfnunargjald alþjónustu og búnaðargjald eftir því sem kveðið er á um.

3. gr.

Árlegir gjalddagar eftirtalinna gjalda eru sem hér segir:

Gjalddagar einstaklinga vegna sérstaks gjalds til Ríkisútvarpsins ohf. eru 1. ágúst, 1. september og 1. október. Gjalddagi vegna gjalds í framkvæmdasjóð aldraðra og slysatrygging vegna heimilisstarfa skal vera einn, 1. ágúst.

Gjalddagi lögaðila vegna sérstaks gjalds til Ríkisútvarpsins ohf. er 1. nóvember.

Gjalddagi tryggingagjalds utan staðgreiðslu er 1. ágúst.

4. gr.

Hafi skattar, þ.e. fyrirframgreiðsla og álögd gjöld, ekki verið greiddir innan mánaðar frá gjalddaga skal greiða ríkissjóði dráttarvexti af því sem gjaldfallið er frá gjalddaga.

Vanskil gjaldanda að hluta á álögdum sköttum og gjöldum valda því að allir skattar gjaldandans falla í eindaga 15 dögum eftir gjalddaga vangoldinnar greiðslu, en þó ekki fyrr en 15. dag næsta mánaðar eftir að álagningu er lokið.

5. gr.

Heimilt er gjaldanda að sækja um lækkun á þeirri fjárhæð þinggjalda, sem honum hefur verið gert að greiða fram að álagningu ársins 2011 skv. 2. gr. Umsókn um slíka lækkun skal senda ríkisskattstjóra til ákvörðunar. Sama gildir eftir því sem við á um lækkun á fyrirframgreiðslu búnaðargjalds á árinu 2011 vegna álagningar 2012.

6. gr.

Ríkisskattstjóri skal að jafnaði ekki taka til greina umsókn gjaldanda, sbr. 5. gr., nema þeir skattstofnar sem um ræðir fyrir tekjuárið 2010 séu meira en 25% lægri en þeir voru á tekjuárinu 2009 og ef fyrirsjáanlegt er að búnaðargjald breytist um sem nemur a.m.k. 25%, þó að lágmarki 10.000 kr. á milli ára. Frá þessari reglu má þó víkja ef sérstaklega stendur á að mati ríkisskattstjóra.

Ríkisskattstjóra er heimilt að setja nánari reglur um ákvörðun á takmörkun greiðsluskyldu og önnur atriði varðandi framkvæmd þessarar reglunar.

7. gr.

Ákvörðun varðandi umsókn um lækkun á fyrirframgreiðslu skal ríkisskattstjóri tilkynna gjaldanda eins fljótt og unnt er og ef fallist er á umsókn skal niðurstaða einnig tilkynnt innheimtuaðila. Ákvörðun ríkisskattstjóra skal vera endanleg á stjórnslustigi

8. gr.

Um greiðslur þinggjalda á árinu 2011 fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum XIII. kafla laga nr. 90/2003, um tekjuskatt með síðari breytingum.

9. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 112., 114. og 121. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum, 3. mgr. 6. gr. laga nr. 84/1997, um búnaðargjald, með síðari breytingum og 22. gr. laga nr. 81/2003, um fjarskipti, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 23. desember 2010.

F. h. r.

Guðmundur Árnason.

Ingibjörg Helga Helgadóttir.